



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
Hugvísindasvið

# **„Nokkur blöð úr Hauksbók“**

*- nokkur atriði nokkuð endurskoðuð -*

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Pavel Vondříčka**

**máí 2009**

Háskóli Íslands  
Hugvísindasvið  
Íslenska fyrir erlenda stúdenta

## „Nokkur blöð úr Hauksbók“

*- nokkur atriði nokkuð endurskoðuð -*

Ritgerð til B.A.-prófs

Pavel Vondříčka  
Kt.: 030677-2429

Leiðbeinandi: Guðvarður Már Gunnlaugsson  
maí 2009

## Ágrip

„Nokkur blöð úr Hauksbók“ er titill á útgáfu Jóns Þorkelssonar með texta 14 fremstu blaðanna úr AM544 4<sup>o</sup>, sem er eitt þriggja handrita Hauksbókar. Gert er ráð fyrir að þessi 14 blöð hafi verið skrifuð af einum manni um 1300 en spurning um uppruna hans hefur vakið mikla athygli hjá fræðimönnum. Flestir þeirra eru sammála um að skrifarinn hafi ekki verið Íslendingur heldur Norðmaður, en sumir hafa fært rök fyrir því að hann hafi verið Færeyingur. Marius Kristensen hefur skoðað málfarið á þessum blöðum og komst að þeirri niðurstöðu að skrifarinn hafi verið færeyskur.

Sérhljóðasamræmi, notkun stoðhljóðs og breyting *u*-hljóðvarpshljóða í *o* á undan sérhljóðum eru mikilvæg atriði sem geta hjálpað til við að setja málið á handritsblöðunum í samhengi við norrænar mállýskur, og þau koma fyrir nógu oft í textanum. Þessi atriði geta einnig varpað ljósi á ósamræmi eða þversagnir í rökum Kristensens.

Sérstök tegund sérhljóðasamræmis sem finnst í textanum er einkennandi fyrir fornbréf frá norðurhlutum Hörðalands í Noregi á þessum tíma og er hér gert ráð fyrir því að þetta atriði geti vitnað best um raunverulegan uppruna skrifarans. Sérhljóðasamræmi er hins vegar ekki í samræmi við önnur handrit sem eru talin hafa verið skrifuð af Færeyingum (Lundarbókin og Húsavíkurbrefin). Gert er ráð fyrir því að kenning Sørliés um mállýskur í Færeyjum sé of áráðin skýring miðað við heimildir.

Notkun stoðhljóðs og breytingin  $\varphi > o$  á undan nefhljóðum eru einnig atriði sem benda í átt að færeysku en jafnframt að mállýskum í norðurhlutum Hörðalands. Þrátt fyrir það telur Kristensen þessi atriði benda helst til færeysku.

Önnur rök hans eru ekki mjög sannfærandi enda er hægt að skýra þau á annan hátt. Þrátt fyrir það að engin rök hans bendi ótvírætt burt frá Hörðalandi og jafnframt að færeysku, kemst hann að ákveðinni niðurstöðu. Þar sem engar aðrar öruggar heimildir eru til um færeysku frá þessum tíma, er hvorki hægt að hafna þessari tilgátu um færeyskan uppruna skrifarans né sanna hana með góðum rökum. Auk þess er nauðsynlegt að taka tillit til náninna tengsla milli Færeyja og Hörðalands (Björgvinjar) sem hafa án efa haft mikil áhrif á færeysku, svo að ekki sé minnst ritvenjur skrifara.

## Efnisyfirlit

1 Inngangur.....	1
2 Sérhljóðasamræmi.....	4
2.1 Áherslulaus sérhjód í norrænum miðaldahandritum.....	5
2.2 Sérhljóðasamræmi í NBl.....	6
2.3 Áherslulaus sérhljóð í Lundarbókinni.....	10
2.4 Áherslulaus sérhljóð í Húsavíkurbréfunum.....	11
2.5 Niðurstaða.....	12
3 Stoðhljóðið.....	13
3.1 Stoðhljóðið í norrænum handritum.....	13
3.2 Stoðhljóðið í NBl.....	14
3.3 Stoðhljóðið í Lundarbókinni.....	15
3.4 Stoðhljóðið í Húsavíkurbréfunum.....	17
3.5 Niðurstaða.....	17
4 Breyting $\varrho > o$ á undan nefhljóðum.....	18
4.1 Vitnisburður í NBl.....	18
4.2 Lundarbókin og Húsavíkurbréfin.....	19
4.3 Niðurstaða.....	20
5 Niðurstaða.....	22
6 Heimildaskrá.....	25

## 1 Inngangur

„Nokkur blöð úr Hauksbók“ (NBl.) er titill á útgáfu Jóns Þorkelssonar frá 1865<sup>1</sup> þar sem texti 14 fremstu blaðanna úr AM544 4<sup>to</sup>, sem er eitt þriggja handrita Hauksbókar, var gefinn út. Fræðimenn telja að þessi 14 blöð hafi verið skrifuð af einum manni (svokölluð „hönd 2“)<sup>2</sup> sem hafi verið Norðmaður en ekki Íslendingur.

Haukur Erlendsson, lögmaður í Björgvin, bæði skrifaði handritið og lét skrifa fyrir sig um 1302–1310 [...]. Haukur var íslenskur þótt hann hafi verið lögmaður í Osló og síðar í Björgvin (Gulaþingi), fyrst nefndur 1294 en dó 1334 (Jón Helgason 1960:vi–vii). Það er þó ekki víst að AM 675 4<sup>to</sup> og þrjú fremstu kverin (1.–21. bl.) í AM 544 4<sup>to</sup> hafi verið skrifuð að undirlagi Hauks og þess vegna er hugsanlegt að þessum blöðum hafi verið bætt við bókina síðar en þau eru talin skrifuð einhvern tíma á árunum 1290–1334 (Jón Helgason 1934:xx), svo að fremstu blöðin 14 gætu verið eldri en Sauðabréfið í Kóngsbókinni.<sup>3</sup>

Á þessum blöðum er alfræðiefni, hómilíur og Elucidarius og er gert ráð fyrir því að flestir kaflar í textanum hafi haft íslenskt forrit en sumir kannski norskt (sérstaklega kaflar 5–6 sem innihalda flest frávík frá skrifvenjum skrifarans og sennilega líka kaflar 9 og 14).<sup>4</sup> Jón Helgason lýsir í stuttu máli að flestir kaflar fylgi frumtextum eftir Isidore (eða aðra forna höfunda) og (eða) að oft finnist aðrar (svipaðar) þýðingar í öðrum norrænum handritum. Tvö stykki eru hins vegar í samræmi við fornenska texta eftir Ælfric og það eru einmitt kaflar 5–6 og 9.<sup>5</sup>

Fjölbreytt málsatriði í NBl. hafa vakið mikla athygli og spurningar um uppruna skrifarans. Augljóst er að hann getur varla hafa verið Íslendingur en samt eru í textanum ýmis atriði sem eru íslensk eða norsk, vestlensk eða austlensk. Jón Helgason skrifar um þennan texta:

Hand 2 has been called “the first Norwegian hand”, since it is obvious that the writer was not an Icelander. Some of his word-forms are extraordinary; most surprising of all is that beside *þaðan* ‘thence’ there are three occurrences of *þanan*, a form which agrees with English and German (Old English *þanon*, etc.), but is otherwise unknown from Scandinavian languages. In place of *né* ‘nor’ (for instance in *hvarke ... ne* ‘neither ... nor’), *nema* is used several times.<sup>6</sup>

Samkvæmt rannsókn Finns Jónssonar hafa Norðmenn skrifað allar fyrstu 18

---

1 Jón Þorkelsson 1865

2 Jón Helgason 1960: X

3 Guðvarður Már Gunnlaugsson 2000: 96

4 Kristensen 1925: 8–10

5 Jón Helgason 1960: XII–XIV

6 Jón Helgason 1960: X

blaðsíðurnar í AM 544 4<sup>10</sup> en reyndar eftir íslenskum forritum.<sup>7</sup> Þessi hugmynd birtist þó þegar í fyrstu útgáfu Jóns Þorkelssonar.<sup>8</sup> Jóni Þorkelssyni fannst einnig stafamyndirnar á blöðum 1-14 vera íslenskar en Finnur Jónsson er ekki sammála því.<sup>9</sup> Hann fullyrðir að blekið á þessum síðum er ólíkt íslensku bleki.<sup>10</sup> Eftir rannsókn á málfari á blöðum 1-14 kemst Finnur Jónsson að þessari niðurstöðu:

Af alt det anførte, særlig dog af den omtalte vokalharmoni, den konstante brug af medium på *-st (zt)*, ombytningen af *ð* med *d* i visse substantiver og verbers datid, den forholdsvis hyppige brug af svarabhakti-*u*, den indtrådte sammenblanding af *r* og *ur*-endelse, bruken af *s* for *z*, manglen af endelsen *r* (i verber), forkortelsen af forskellige konsonanter, samt den så godt som fuldstændige adskillelse mellem *æ* og *œ*, hvortil kommer enkelte former som *áer*, *híni*, *bant*, *þanan*, *harðare* osv. – alt dette må føre til den bestemte slutning, at disse 14 blade er skrevne af en nordmand. På den anden side forekommer det mig lige så sikkert, hvad i øvrigt også Jón Þorkelsson har udtalt, at nordmanden har haft islandske originaler for sig.<sup>11</sup>

Finni Jónssyni finnst því myndin *þanan* vera alveg góð norsk mynd. Hins vegar bendir hann á skort á u-hljóðvarpi á undan u-endingum (sem sé venjulegt norskt fyrirbæri). Hann bendir einnig á nokkrar leiðréttingar í handritinu sem eru ekki í góðu samræmi hver við aðra: *ey* (sem væntanlegt væribúst mætti við í íslenskum handritum) er nokkrum sinnum leiðrétt til *øy* (sem eðlilegt væri í norsku) en hins vegar er *fyst* (norsk mynd) oft leiðrétt til *fyrst* (íslensk mynd). Og fleiri dæmi sem má nefna. Hér er alveg óskýrt hvers vegna skrifarinn breytir textanum í nokkrum tilvikum eftir móðurmáli sínu en annars eftir forriti. Skýringin gæti verið fólgin í ólíkum uppruna forrita fyrir ólíka kafla (eins og áður var nefnt) eins og Finnur bendir sjálfur á síðar í umfjöllun sinni.<sup>12</sup>

Marius Kristensen telur hins vegar að skrifarinn hafi verið Færeyingur og færir fyrir því rök í bók sinni „Nokkur blöð úr Hauksbók“ *Et færøsk håndskrift fra o. 1300*, sem kom út árið 1925.<sup>13</sup> Þrátt fyrir að rannsóknir hans á málinu í NBL leiði hann í næstum öllum tilvikum að mállýskum frá norðurhlutum Hörðalands, kemst hann í lok bókarinnar að þessari óvæntu niðurstöðu:

Efter at vi nu således har gennemgået vort håndskriftbrudstykkets sprogform punkt for punkt og påvist, at behandlingen af *ø* pegede mod nordlige vestnorske mål, men

7 Guðvarður Már Gunnlaugsson 2000: 96

8 Jón Þorkelsson 1865: XVIII

9 Finnur Jónsson 1892-96: XX

10 „Hermed stemmer den kændsgærning, at blækket lader sig påvirke af reagens, hvad der ikke er tilfældet med det islandske blæk.“ (Finnur Jónsson 1892-96: XXX, ath. 1) Meira stendur á síðu XIII.

11 Finnur Jónsson 1892-96: XXX

12 Finnur Jónsson 1892-96: XXXI; Eiginleg rannsókn á efninu fylgir á síðum CXVI–CXXIII.

13 Kristensen 1925

svarabhaktivokalen mod sydlige, medens de bægge forligtes med Færøsk, at også en mængde andre enkeltheder dels bestemt peger i samme retning, dels i hvert fald forliges godt med den antagelse, at en Færing har skrevet NBl, kan vi nu fastslå, at dette er tilfældet. Sml. også, at § 59, 90, 106 og 108 snarest peger bort fra fastlandsnorsk.<sup>14</sup>

Þessi fjögur atriði sem hann nefnir í greinunum 59, 90, 106 og 108 eru: 1.p. et. af sterkum (og nokkrum öðrum) sögnum er með hljóðvarp og ekki sameinuð með 3.p., breytileiki (óvissa) varðandi notkun *n* og *nn* í áhersluleysi (sérstaklega í bakstöðu), notkun *-st* í miðmynd og skortur á notkun persónufornafns (myndarinnar) *mér* fyrir *vér*. Um þá staðhæfingu hans að notkun u-hljóðvarps í handritinu stríði gegn notkun stoðhljóðsins *u* á norskum mállyskusvæðum verður fjallað í þessari ritgerð þegar þrjú atriði í málinu skrifarans verða nákvæmlega skoðuð: séhljóðasamræmi (2. kafli), stoðhljóð (3. kafli) og breytingin  $\varrho > o$  á undan nefhljóðum (4. kafli).

Áhugavert er einnig að bera þessi atriði saman við fleiri miðaldahandrit sem hugsanlega gætu verið skrifuð af Færeyingum. Ekki er þó mikið til af þvílíkum handritum og óvíst er hvort nokkurt þeirra var skrifað af Færeyingi í raun og veru, eða hvaða atriði í þeim gætu þá verið sérfæreysk.

Fæstum mótbárum er hreyft þegar talað er um svokölluð *Húsavíkurbref*, 6 fornbréf frá árunum 1403–1405 í transskrifti frá 1407,<sup>15</sup> sem fjalla um góss Húsavíkur á Sandey og arf eftir Guðrúnu Sjúrdardóttur. Þessi bréf voru gefin út af Jacob Jacobsen í *Diplomatarium Faroense* (DF). Myndir sem benda ótvírætt á sérfæreysk fyrirbæri eru t.d. *skilgitin* (fyrir *skilgetin*), *gingin* (fyrir *gengin*), *deydh*, *toa* (fyrir *tvá*, þ.e. „tveir“), *þrier* (fyrir *þrír*).<sup>16</sup> Þvílík skýr dæmi er ekki að finna í NBl. Marius Hægstad reyndi að sýna að ýmis málatriði í bréfunum vitna frekar um norskan uppruna afrits þeirra (þó að upprunalegu bréfin væru sennilega færeysk) en Björn Hagström sýnir að þessi atriði eru einnig að finna í gömlum færeyskum vísum í útgáfu J. Chr. Svabos, þótt þvílíkar myndir séu ekki í notkun í nútímafæreysku.

Lundarbókin, eða LundUB Mh 15,<sup>17</sup> er annað handrit sem lengi hefur verið rakið til Færeyinga. Fyrst voru það R. Keyser, P.A. Munch og Gustav Storm sem veltu því fyrir sér. Mikjel Sørliie rannsakaði handritið og komst að þeirri niðurstöðu að það hafi verið

14 Kristensen 1925: 75–76

15 Guðvarður Már Gunnlaugsson 2000: 99–100

16 Sjá Hagström 1991: 23 (19); eða beint í DF: XXXVIII.

17 Áður þekkt undir safnarmarkinu Hist. Litt. 12 fol.

skrifað af Færeyingi í Björgvin, jafnvel Sandeyingi.<sup>18</sup> Handritið inniheldur norsk lög ásamt öðru tveggja elstu afrita af Sauðabréfi sem inniheldur sérstakar réttarbætur fyrir Færejar.<sup>19</sup> Það er sérstaklega áhugavert af því að það gæti verið u.þ.b. jafn gamalt og Hauksbók, þ.e. frá byrjun 14. aldar. Lundarbókin hefur verið talin skrifuð á árunum 1305–1320 og byggist það fyrst og fremst á þeirri ályktun að Árni Sigurðsson, sem var biskup í Björgvin 1305–1314, hafi átt bókina, en í henni eru þó réttarbætur sem voru settar 1320.<sup>20</sup> Þótt Stefán Karlsson telji hæpið að tengja handritið við Árna gerir hann ekki athugasemd við aldursgreininguna sem slíka.<sup>21</sup> En í óprentaðri skrá yfir handrit háskólabókasafnsins í Lundi stendur að handritið sé frá um 1350.<sup>22</sup>

Að leita að skrifurum handrita eftir máli í textum þeirra er þó mjög erfitt af því að margar orsakir eru hugsanlegar bæði fyrir því hvernig texti er skrifaður og hvaða villur eða leiðréttingar er að finna í honum. Það sem gæti haft áhrif á skrift skrifarans var ekki bara sú mállýska sem hann talaði sjálfur (1) heldur einnig skrifvenjur á þeim stað (eða öllum þeim stöðum!) þar sem hann lærði að skrifa (2), skrifvenjur á þeim stað (eða stöðum) sem hann vann (eða hafði áður unnið) á (3), sérstök tíska eða sérstakar kröfur þeirra sem hann var að skrifa handritið fyrir (4) og, þegar um er að ræða afrit af eldra forriti, er nauðsynlegt að hugsa jafnvel um upprunalegt mál í forritinu<sup>23</sup> (5) eða kannski framburð lesarans ef skrifað var eftir upplestri (6).<sup>24</sup> Ef við vitum ekki neitt um aðstæður þegar handritið var skrifað, getum við varla giskað á hvaða uppruna og orsök einstök fyrirbæri hafa í textanum.

## 2 Sérhljóðasamræmi

Sérhljóðasamræmi er eitt besta atriðið til þess að skilja á milli norrænna mállýskna á

18 Sjá Guðvarður Már Gunnlaugsson 2000: 97–98 og Sørli 1936: 7 fg. D.A. Seip kemur hins vegar með aðra tilgátu: sjá kafla 3.3.

19 Hitt afritið er að finna í handritinu Isl. perg. 33 4<sup>o</sup> („Kóngsbókinni“) sem er enn eldra en það var skrifað af „séra Teiti“ - ekki er þó vitað með fullu vissu hvort þessi Teitur var Íslendingur eða Norðmaður. (Sjá: Hagland 1983: 184 og 191; eða Guðvarður Már Gunnlaugsson 2000: 91–95)

20 Sjá Sørli 1936: 8-9

21 Stefán Karlsson 2002: 221–222

22 Sjá ONP, bls. 480 og 519.

23 Hér er átt við sams konar blöndu fyrrnefndra atriða sem eru fyrir hendi í forriti þess handrits sem við höfum í höndunum. Þetta endurtekur sig jafn oft og um afrit er að ræða, því að forritið hlýtur að vera skrifað eftir öðru handriti - nema um sjálft frumritið sé að ræða.

24 Seip bætir enn öðru atriði við þessi sex (sjá kafla 3.3).



miðöldum, sérstaklega í Noregi.<sup>25</sup>

I litterær gno. tid er vokalharmoni – d. e. lydsamhøve mellom endingsvokalen og vokalen i stavingen foran – kjennemerke for østnorsk (østlandsk og trøndsk) og nordvestlandsk mål, i motsetning til sørvestlandsk, som mangler den; islandsk og færøysk har fulgt sørvestlandsk, og helst også de andre øymålene i vest (jfr. Hægstad, Hildinakvadet, s. 56 og Marwick, The Orkney Norn, p. XLVIII).<sup>26</sup>

Sérhljóðasamræmi er margbrotið atriði sem hlýtur að vera mjög erfitt að læra og gert er því ráð fyrir því að það mun segja mest um raunverulegan uppruna skrifarans frekar en önnur atriði sem er miklu auðveldara að læra samkvæmt ólíkri málvenju eða tísku á ýmsum stöðum þar sem skrifari var að vinna (eða læra). Þess vegna er mjög áhugavert að skoða þetta atriði í handritunum sem borin voru saman.

## 2.1 Áherslulaus sérhljóð í norrænum miðaldahandritum

Í norrænu voru til þrjú ólík sérhljóð í áhersluleysi:<sup>27</sup> fjarlæg /a/, frammælt /i/ og uppmælt /u/. Sérhljóðið /a/ var alltaf skrifað *a*.<sup>28</sup> En /i/ var stundum skrifað *i* og stundum *e*, og fyrir /u/ stendur í textum bæði *u* og *o*. Samræmi þessara hljóða við raunverulegan framburð er frekar óljóst en gert er ráð fyrir því að það fylgi bæði mismunandi framburði í ólíkum norrænum mállýskum og mismunandi skrifvenjum (eða tísku) í ólíkum skrifstofum (eða skrifaraskólum).

Í Noregi var notkun sérhljóða ólík eftir einstökum landssvæðum. Í austlensku og norðvestlensku<sup>29</sup> voru notuð öll fimm sérhljóðin (*a*, *e*, *i*, *o*, *u*) og skipt var á milli *i* og *e* eða *u* og *o* eftir því hvaða sérhljóð stóð í atkvæðinu á undan: nálæg sérhljóð (*i* og *u*)

25 Sjá Hægstad 1907: 14; Hægstad 1905: 9

26 Sørli 1965: 23

27 Bönd og aðrar styttingar valda oft vandkvæðum þegar fjallað er um stafsetningu í íslenskum handritum vegna þess að áherslulaus eða áherslulítill atkvæði eru oft bundin, t.d. beygingarendingar (*ir* og *-ur*). Það er ekki auðvelt að fjalla um sérhljóð í áhersluleysi ef þau eru ekki skrifuð fullum fetum. Sem betur fer, eru bönd sjaldgæf í þeim handritum sem hér um ræðir. Þau eru aðeins notuð í nokkrum algengum orðum (*fyrir*) og fyrir nefhljóð (*m* og *n*) en sjaldan fyrir sérhljóð + samhljóð í áhersluleysi (*hefir*).

28 Nema í austurnorrænu þar sem sérhljóðaveiking í áhersluleysi er komin mjög snemma. Í norskum mállýskum birtist sérhljóðaveiking seinna, fyrst á Austurlandi en stundum líka á Vesturlandi – þá kemur veiking fram í Björgvinjarmáli þegar á 13. öld (sjá Seip 1954: 16).

29 Talið er að mállýskusvæði í Noregi hafi ekki breyst í stórum dráttum síðan á miðöldum og fylgja mállýskumörk oft landshlutamörkum. Norðvestlenskar mállýskur eru talaðar á Sunnmæri, í Fjörðum (Norðfirði og Sunnfirði) og utanverðu Sogni, en suðvestlenskar mállýskur eru talaðar á Ögðum, Rogalandi, Hörðalandi (Sunnhörðalandi, Norðhörðalandi, Harðangri og Voss) og víða í innanverðu Sogni. Sjá kort af mállýskusvæðum á Hörðalandi og í Sogni í kafla 2.2 (Hægstad 1907: 4; Hægstad 1915: 1; og NT: 4. kafli, t.d. kort 19 á bls. 134).

fylgdu venjulega eftir nálægum sérhljóðum en miðlæg sérhljóð (*e* og *o*) fylgdu eftir öllum hinum sérhljóðunum. Gert er ráð fyrir því að þessi ritvenja hafi fylgt raunverulegum framburði í mállýskum.

Í suðvestlensku var hins vegar ekki neitt sérhljóðasamræmi að finna og gert er ráð fyrir því að íslenska, færeyska og önnur eyjamál hafi fylgt suðvestlensku.<sup>30</sup>

Á Íslandi var venjan fyrst að skrifa aðeins *e* og *o* í áhersluleysi en á 13. öld byrja menn að skrifa *i* og *u*. Ekki er hægt að tala um sérhljóðasamræmi heldur um stafsetningarbreytingu eða frekar afleiðingu af framburðarbreytingum í málinu.<sup>31</sup>

Í allra helstu handritum eru sérhljóðarnir *e* og *o* nær einráðir í endingum þar sem nú er skrifað *i* og *u*, en fljótlega koma þó *i* og *u* (eða *v*) upp í þessari stöðu. *i* breiðist fyrr út sem endingarsérhljóði en *u*, þannig að á 13. öld nota ýmsir skrifarar einkum *i* og *o*, en þegar líður á öldina þokar *o* mjög fyrir *u*-i (*v*-i), og á 14. öld er það ekki notað nema þá endrum og eins af þorra skrifara. Á þeirri öld er *i* einnig ríkjandi, en flestir skrifarar nota þó bæði *i* og *e* í endingum.<sup>32</sup>

Þetta er ein röksemda sem benda gegn því að skrifarinn af NBl. hafi verið Íslendingur, en það setur einnig takmörk á möguleg áhrif frá hugsanlegum íslenskum forritum og aldur þeirra.

## 2.2 Sérhljóðasamræmi í NBl.

Í Nbl. eru notuð fimm sérhljóð í áhersluleysi: *a*, *e*, *o*, *i*, *u*. Dreifing hljóða *e/i* og *o/u* fylgir að miklu leyti ákveðnum reglum um sérhljóðasamræmi sem var eðlilegt í norðvestlenskum norskum handritum á miðöldum. Nálæg sérhljóð *i* og *u* eru notuð alltaf eftir nálægum sérhljóðum sem koma í atkvæðum á undan þeim: *i*, *í*, *y*, *ý*, *u*, *ú* og tvíhljóðum *au*, *ei*, *øy*, en einnig eftir *æ*. Auk þess er *i* notað eftir *o* og *u* eftir *a/o*. Dreifing áherslulausra sérhljóða eftir öðrum sérhljóðum er hins vegar breytileg og fylgir ekki

30 Stundum er talað um það að sérhljóðasamræmi hafi einnig verið til í suðvestlenskum mállýskum áður en latnesk skrift kom til landsins eða að merki þess finnist ennþá í nokkrum þeirra í dag (sjá t.d. Seip 1954: 15; Seip 1955: 130 og Sørli 1936: 15). Auk þess er hægt að finna merki eftir sérhljóðasamræmi einnig í íslenskum heimildum (sjá t.d. Noreen 1970: 123–125 (§145. og Anm.1) og Sørli 1936: 15).

31 Gert er ráð fyrir því að framburður í íslensku hafi verið óbreyttur í allan þennan tíma (sjá t.d. Seip 1954: 13) og að /i/ og /u/ hafi verið borin fram [i] og [u] í áhersluleysi. En í áhersluatkvæðum voru /i/ og /u/ borin fram [i] og [u] og þess vegna voru áherslulaus sérhljóð skrifuð frekar með táknum fyrir /e/ og /o/ í áhersluatkvæðum, þar sem framburður þeirra var svipaður. Þetta breyttist hins vegar á 13. öld þegar hljóðgildi stuttra áherslusérhljóða í íslensku lækkaði – fyrst hljóðgildi frammæltra sérhljóða og seinna þeirra uppmæltu (sjá Hreinn Benediktsson 1962). Í eldri norskum heimildum var þessi íslenski ritháttur (og breyting hans) hins vegar útskýrður með áhrifum frá suðvestlenskum norskum ritháttum (sjá Seip 1954: 13).


32 Stefán Karlsson 2000: 49

nákvæmlega þeim reglum sem venjulegar eru í norðvestlenskum norskum handritum: þar var nefnilega eðlilegt að *e* og *o* fylgdu miðlægum og fjarlægum sérhljóðum *o*, *ó*, *e*, *é*, *ø*, *ø*, *æ* og *a*, *á*/*ǫ*. Auk þess fylgdi *o* einnig áherslulausum *a* hljóðum í orðum með fleiri atkvæðum<sup>33</sup> (t.d. *kastaðu*, *gofgaðu*, *spakastu*,...).

Áherslulaus sérhljóð í NBl. fylgja öðrum reglum í nokkrum tilvikum:

Den gl. palatale og labiale endelsvokal er derimod skiftende efter bestemte regler for vokalpharmoni, men ganske vist andre regler end man almindeligt finder gældende i norske håndskrifter. Hægstad (ISVestl. II s. 1 flg.) nævner 4 breve, som har en sådan uregelrett vokalpharmoni: efter *e* er endelsvokalen *i*, ikke *e*, i endelsen *-um* bruges *u* uten hensyn til rodvokalen, og *u* bruges også sommetider ellers (*þessur*). Og han tilføjer: Sproget i Hauksbók bl. 1–14 (Ϸ: NBl.) falder i det hele og store sammen med sprogformen i disse breve. Han henfører denne sprogform snarest til den nordlige del af Nordhordland op mod Søndfjord.<sup>34</sup>

Í NBl. fylgir *i* einnig eftir miðlægum frammæltum sérhljóðum *ø*, *ø*, *e*, *é*, *æ*, en *e* fylgir hins vegar eftir uppmæltu *Ϸ*. Síðar fylgir *u* eftir miðlægum sérhljóðum *ø*, *ø*, *æ* og er (næstum) alltaf í endingunni *-um* (án tillits til sérhljóðs á undan því), en *o* fylgir hins vegar eftir *a*.<sup>35</sup>



33 Sjá Kristensen 1925: 11–12 og Noreen 1970: 123–127 (§145. og §146.)

34 Kristensen 1925: 11

35 Sjá Kristensen 1925: 11–12 og Noreen 1970: 124 og 126 (§145. og §146.)

Hægstad skrifar um þessa texta í kaflanum um „Sudvestlandske yvergangsmaalføre“:

§34. Fire gnorske brev fraa tidi 1300-1338: II 58 (Bergen? 1300) II 71 (Voss 1303) I 142 (SHordl. 1314) II 228 (Sogn 1338) – merkjer seg ut fraa eigenleg sudvestlandsk ved ljodsamhøve millom endevokal og vokalen i stavingi fyre. Dette ljodsamhøve er likevel annarleis enn i trøndsk og nordvestlandsk, med di den palatale endingsvokalen etter *e* i stavingi fyre at ikkje er *e* som i desse maalføri, men jamnaste *i* – *retendj*, *þessir*, *henni* –, og med di at *u* er den regelrette vokal framfor endingskonsonanten *m* utan umsyn til vokal i stavingi fyre – *þessum*, *komum*, *saum* I pi (av sjá), *vorum* I pi (av vera), *goðum* –, til deils ogso i andre høve – *þessur* –, so *i* og *u* fær eit sterkt yvertak yver *e* og *o*. I andre maatar fylgjer maalet i desse brevi vanleg sudvestlandsk. Dei hef soleis gjenomført u-ljodbrigdet av *a*. Det privative præfiks er *ú-*. Halvljoden er i II 58 *e* (*apter*), i II 71 *u* (*aptur*, *Petur*); i dei tvo andre brevi er han ikkje skriven. [...] Maalføret i desse brevi, som alle er fraa Nordvaldet, synest vera eit yvergangsmaal millom nordvestlandsk og sudvestlandsk og hev vel helst aatt heima einkvarstad nord i Nordhordland. Maalet i Hauksbok bl. 1-14 (Finnur Jónsson utg. s. 150–177) fell i det heile og store saman med maalføret i desse brevi.<sup>36</sup>

Marius Kristensen sýnir að þessum reglum er fylgt mjög vel í NBl.<sup>37</sup> Flestar undantekningar fara einnig frekar í áttina til *i/u* hljóða – frávik í hina áttina eru sjaldgæfari. Margar undantekningar koma fyrir í köflum 5–6. Flestar *-om* endingar (í staðinn fyrir reglulegt *-um*) koma fyrir í síðasta kaflanum, en nokkrar líka í 5. kafla og annars staðar. Í ákveðnum greini stendur venjulega *e*, einnig þar sem ætti að standa *i* samkvæmt sérhljóðasamræmi, en *i* kemur líka 8 sinnum fyrir, þar af 5 sinnum aðeins í 5. kafla. Sérhljóðin breytast venjulega heldur ekki í viðskeytum eins og *-semi*, *-semd*, *-eri*, *-endi*, *-endr*, *-legr*, *-lega*, *-ing-*, *-ung-*.

Kristensen reynir einnig að athuga nákvæmlega sérhljóðasamræmi eftir hljóðunum *e*, *é*, *æ* og *æ*, en dæmin eru örfá og mjög breytileg.<sup>38</sup> Oft koma fyrir sömu orðmyndir bæði með *i* og *e*, eða *u* og *o*. Hér fylgir *i/u* reglulegast eftir *æ*. Óregluleg notkun sérhljóða eftir *e* kemur helst á óvart í orðinu *eru* sem er skrifað 70 sinnum *ero* en bara tvisvar sinnum *eru*.<sup>39</sup> Þetta algenga (en orðfræðilega oft næstum merkingarlaus) orð gæti bent til að *o* fylgdi reglulega eftir *e* í máli skrifarans en *u* kæmi kannski frekar fyrir í forritunum, af því að maður hugsar minnst um hvernig á að skrifa algeng orð (þ.e. orð sem skrifarinn er vanur að skrifa eða hefur skrifað mörgum sinnum áður og finnst honum því erfiðast að skrifa öðruvísi) eða orð sem hafa litla merkingu og eru ekki mjög ofarlega í huga skrifarans þegar hann skrifar heila setningu (eða lengri textabút) af forritinu.

36 Hægstad 1917: 1–2

37 Stundum þarf Kristensen þó að fylgja afriti Árna Magnússonar (AM. 765, 4<sup>to</sup>) frekar en útgáfu Finns Jónssonar, þegar um torlæsilegar síður er að ræða (t.d. fyrsta síða, þ.e. 1r í AM 544, 4<sup>to</sup>).

38 Kristensen 1925: 15–17

39 Kristensen 1925: 17

Kristensen finnst annars að það gæti verið nokkur munur á *e* og *æ* í máli skrifarans, samkvæmt því hvernig hann reynir að greina á milli þessara hljóða. Hann finnur hins vegar engan mun á þeim hvað varðar sérhljóðasamræmi. Honum finnst þó að munur sé gerður í sérhljóðasamræmi eftir stuttum og löngum sérhljóðum *e/æ* og *é/æ*. Þar finnst honum að *i* fylgi miklu reglulegar eftir stuttum sérhljóðum *e/æ* en eftir hinum löngum (*é/æ*). Þegar litið er á notkun sérhljóðsins *u* í endingum er niðurstaðan hins vegar ekki svo skýr. Hér væri einnig hægt að beita kenningum sem útskýra breytingar (þ.e. sérstaklega jöfnun) í sérhljóðasamræmi með almennri sérhljóðaveikingu í áhersluleysi í norsku:<sup>40</sup> þá væri nefnilega væntanlegt að lækkuðu sérhljóðin *e/o* birtust fyrst eftir löngum atkvæðum frekar en eftir hinum stuttu (þ.e. atkvæðum með stuttum sérhljóðum). Þessi kenning útskýrir einnig mjög vel að orðmyndunarviðskeytin fylgja ekki sérhljóðasamræmi vegna þess að þau eru ekki algerlega áherslulaus eins og venjulegar beygingarendingar. Kristensen tekur bara eftir lengd sérhljóða en ekki lengd (þ.e. gerð) atkvæða þar sem lengd samhljóða skiptir einnig máli. Dæmi hans benda hins vegar ekki til að lengd atkvæða skipti miklu máli í NBl.: meðal dæma með frávikum koma fyrir orð með stuttum áhersluatkvæðum og miðlægum sérhljóðum í áhersluleysi (*æ*: *fegen-, hefer*; *e*: *bere, veret, ero*) alveg eins og orð með löngum (og einnig ofurlöngum!) áhersluatkvæðum og nálægum sérhljóðum í áhersluleysi (*æ*: *gettu, meltu, melsku, nestu*; *é*: *letir, retri, letu(st), settu*).<sup>41</sup> Auk þess virðist vera rétt að málið stefnir að notkun á nálægum áherslulausum hljóðum frekar en hinum veikluðu.

Samkvæmt Seip var sérhljóðasamræmi eftir *i*-hljóðvarpi af *a* mjög óstöðugt alls staðar.<sup>42</sup> Auk þess stingur hann upp á að breytileiki sérhljóða í sérhljóðasamræmi – sem hyglar sérhljóða *i/u* frekar en *e/o* einnig í nokkrum norskum fornbréfum frá 14. öld – myndi ekki bara hafa verið orsakað af sérhljóðaútföfnuninni: stundum er líka hægt að útskýra breytileika sem meðvitaða málvenju (eða tísku) til að fyrna málið.<sup>43</sup> Í Hauksbók er hins vegar ekki nauðsynlegt að fyrna málið algjörlega þar sem gert er ráð fyrir því að textinn sé afrit annarra, eldri norrænna heimilda (þýðinga).

Niðurstaða Kristensens er að málið í NBl. fylgir mállýsku með ótvíræðu sérhljóðasamræmi, þó með skýrri tilhneigingu til þróunar í átt að lokuðu hljóðunum *i/u*

40 Seip 1954: 16

41 Kristensen 1925: 16–18

42 Seip 1955: 128–129

43 Seip 1955: 250

(þrátt fyrir að *e* komi eingöngu fyrir í viðskeytta greininum):

Det almindelige indtryk, man får af endelsevokalernes behandling, er at sproget i NBI går ud fra en tydelig vokalarmoni, og at en sådan også endnu gør sig gældende, men med en stærk bevægelse hen imod eneherredømme for *i* og *u*. Medens disse er enerådende i böjningsendelser efter visse vokaler, er *e* og *o* aldrig enerådende, der er altid enkelte former med *i* og *u*, der vistnok antyder, at *e* og *o* er på vej hen imod en mere lukket udtale. Ja for nogle af de vokalers vedkommende, som i Trøndersk og Nordvestlandsk normalt har *e* og *o* efter sig, er allerede *i* og *u* blevet det normale, og andre er så vaklende, at man ikke kan afgøre, til hvilken side de hører.<sup>44</sup>

Þróun í átt að *i* / *u* í áhersluleysi finnst honum benda vestur til færeysku (eða íslensku) en hann viðurkennir einnig að þessa þróun er hægt að finna í Noregi, nefnilega í mállýskum í norðurhlutum Hörðalands og í Sogni. Þetta blendingssvæði milli norðvestlenskra og suðvestlenskra mállýskna er í góðu samræmi við fyrrnefnd fornbréf sem koma frá sama svæði og frá sama tíma.

## 2.3 Áherslulaus sérhljóð í Lundarbókinni

Notkun sérhljóðanna *i/u* og *e/o* í handritinu LundUB Mh 15 er samkvæmt Mikjel Sørliie margbreytileg og óregluleg og því er ekki hægt að tala um sérhljóðasamræmi. Mest koma fyrir sérhljóðin *i/u*, þó með nokkrum frávikum: *e* (sjaldan *o*) er í opnum atkvæðum í bakstöðu, sérstaklega eftir tannhljóðum. Þetta líkist notkun áherslulausra sérhljóða í Húsavíkurbrefunum.<sup>45</sup>

Nákvæmari skoðun sýnir hins vegar að notkun sérhljóða í handritinu er alls ekki svo óregluleg. Miðlæg *e* (og í nokkrum tilvikum einnig *o*) koma stundum fyrir, sérstaklega í opnum áherslulausum atkvæðum. En þar fylgir samt nálæga sérhljóðið *i* miklu reglulegar nálægum sérhljóðum í áhersluatkvæðum. Það fylgir iðulega einnig eftir miðlægum sérhljóðum (u.þ.b. í 2/3 af tilvikum) og oftast (í meira en helmingi af tilvikum) líka eftir *a/á*. Ekki virðist lengd sérhljóða skipta máli. Í seinni hlutum bókarinnar er samhengið enn óreglulegra og Sørliie segir að það muni vera frá forritum. Hann telur (réttilega) að þetta vitni um eldra sérhljóðasamræmi í málinu en mikilvægast finnst honum samhljóðið sem kemur á undan sérhljóðinu í áhersluleysi:

Vår oversikt viser at undantakene ved endingsvokalen *e* i åpen stavelse er hyppigst etter vokalene *a* (*á*), *o* (*ó*) og *e* (*ɔ*: *æ*), særlig hyppig etter *a*. Dette kunde vise spor etter eldre vokalarmoni, men helst synes det å ha sammenheng med foregående konsonant.

44 Kristensen 1925: 23

45 Sørliie 1965: 23–24

Det viser seg at e særlig opptrer etter visse konsonanter, oftest etter dentaler, især etter *nn*, *n* og *tt*, *t* – og særlig *ð*.<sup>46</sup>

Miðlægt *e* kemur venjulega fyrir í opnum atkvæðum og helst þá eftir *nn* / *n* í þágufallsmyndum, eftir *tt* / *t* venjulegast í þátíðarmyndum og einnig oft eftir *ld*, *nd* og *r*.

Miðlægt *o* kemur hins vegar mjög sjaldan fyrir, næstum alltaf í myndinni *ero* og annars helst eftir atkvæðum þar sem skrifað er *o* (fyrir venjuleg *o* eða fyrir u-hljóðvarp af *a*), oftast í þátíðarmyndinni *voro* og öðrum þátíðarmyndum.

Þessi notkun sérhljóða í áhersluleysi er samkvæmt Sørлие í mjög góðu samræmi við innri suðvestlensku í Noregi og fleiri bréf sem koma frá þessu svæði í Noregi. Það er líka í mjög góðu samræmi við notkun þeirra í Húsavíkurbrefunum.<sup>47</sup>

## 2.4 Áherslulaus sérhljóð í Húsavíkurbrefunum

Í Húsavíkurbrefunum er næstum alltaf *i* og *u* í áhersluleysi. Frávik eru ekki mörg og næstum öll varða sérhljóðið *e* í opnum áherslulausum atkvæðum (í orðalok):<sup>48</sup> *kunne* (37), *i Hjatlande* (38), *kyrtlaner* (39), *loptsens* (39), *a Vidareide* (40, 44), *frame* (41), *j anare* (41), *lendænar* (41), *waro* (42), *med hænne* (42), *husbunadæ* (42), *athæ* (44), *Sannde* (44), *sanare* (44), *henne* (45), *nefnde* (46, tvisvar), *værande* (46), *hangande* (48), *liodande* (48). Myndin *lendænar* passar ekki mjög vel inn í mynstrið en Björn Hagström reynir að útskýra hana sem veikingu af myndinni *lendirnar* (> *lende(r)nar* > *lendænar*). Nútímafæreyska þekkir aðeins fleirtölumyndina *lendar* en í eldra máli var myndin *lendir* líka algeng.<sup>49</sup>

Ekki er hægt að tala um neina skýra reglu hér. Í bréfunum eru einnig orðmyndir eins og *Hiatlandi*, *henni* og *voru*. Myndin *waro* er einasta orðmynd með *o* í áhersluleysi. Notkun miðlægra sérhljóða er því mjög svipuð notkun þeirra í LundUB Mh 15: *e* er helst í opnum atkvæðum eftir tannhljóðum í þágufalls- og þátíðarmyndum en ekki reglulega.

46 Sørлие 1936: 18

47 Sørлие 1936: 19

48 Dæmi eru númeruð eftir blaðsíðum í DF.

49 Hagström 1991: 24

## 2.5 Niðurstaða

Eins og áður segir, er mjög ósennilegt að einhver maður geti lært sérhljóðasamræmi aðeins eftir tísku, og sérstaklega er ólíklegt að þessi óvenjulega tegund sérhljóðasamræmis,<sup>50</sup> sem er aðeins notuð í NBl. og nokkrum fáum fornbréfum, geti verið tíska. Það er þó nauðsynlegt að gleyma því ekki að mikill munur er milli handritatexta og hversdagslegra fornbréfa: bréfin eru frekar skrifuð á „eðlilegra“ samtímamáli en textinn í Hauksbók sem er mjög sennilega ekki nýlegur texti heldur afrit af eldra forriti (sem hafði því örugglega áhrif á málið í afritinu). Þá getur komið að því að málið frá forriti og mál skrifarans blandist. Auk þess er vel hugsanlegt að skrifarar á þessum tíma hafi verið virkir á mörgum ólíkum stöðum með ólíkum málvenjum (eða skrifvenjum) sem hafi blandast í vinnu þeirra.<sup>51</sup> Seip sýnir fram á að sérhljóðasamræmi hafi næstum aldrei verið alveg reglulegt í forntextum: breytingar (eins og útjöfnun) eru alls staðar í gangi og málvenjur blandast einnig í suðvestlenskum mállýskum:

De vokalharmoniske regler [...] er ikke ofte helt gjennomført; det yrer med unntak i så godt som alle skrifter. Når det gjelder større hss., har den ofte regelløse gjennomføring av vokalharmoni sin grunn i at den opprinnelige skriver og avskriveren har fulgt ulike skriftvaner eller har hatt ulikt talemål. I diplomene ser vi lignende brytninger mellom norm og talemål.<sup>52</sup>

Þrátt fyrir það getur notkun áherslulausra sérhljóða sagt mikið til um uppruna textanna. Í Lundarbókinni er hún nefnilega í góðu samræmi við Húsavíkurbréfin. Þegar tillit er tekið til mismunandi aldurs þessara texta, er hægt að sjá skýra þróun í þá átt að sérhljóðin i/u verði allsráðandi, þar sem notkun sérhljóðanna e/o í Húsavíkurbréfunum fækkar. Miðlægu sérhljóðin eru samt notuð (ef þau koma fyrir á annað borð) undir svipuðum kringumstæðum. Líklegt er að þessi þróun hafi byrjað í máli sem var upprunalega með sérhljóðasamræmi, en það er ekki hægt að sanna. Það er því ekki útilokað að Lundarbókin (eða skrifari hennar) komi frá sama málsvæði og Húsavíkurbréfin.

Sérhljóðasamræmi í NBl. er hins vegar mjög skýrt og tiltölulega reglulegt, þrátt fyrir því að það fylgi ekki venjulegum reglum í norðvestlenskum norskum mállýskum. Því er

50 Þessi tegund sérhljóðasamræmis er ekki aðeins óregla í venjulegu vestlensku sérhljóðasamræmi. Hún sýnir ákveðna tilhneigingu sem vitnar aðeins betur um það að skrifarinn hafi skrifað samkvæmt ákveðnum framburði (þrátt fyrir að framburðurinn væri örugglega að breytast undir nokkrum kringstæðum) og mjög sennilegt er að þetta hafi verið móðurmál hans.

51 Sb. t.d. kenningar um „G.M. paa Ferrøø“ hjá Sørliie 1936: 149.

52 Seip 1955: 250; en sjá einnig bls. 130.



ólíklegt að skrifarinn sem skrifaði NBl. komi frá sama mállýskusvæði og þeir sem skrifuðu Lundarbókina og Húsavíkurbrefin. Sørliie reynir að sýna fram á að Lundarbókin hafi verið skrifuð af manni sem kom sunnanfjarðar frá Færeyjum, og síðan telja þeir Kristensen að mállýskuklofningur hafi þegar verið orðinn svo mikill í Færeyjum á þessum tíma (14. öld) að sérhljóðasamræmi hafi ennþá verið virkt norðanfjarðar þegar það var næstum horfið sunnanfjarðar.<sup>53</sup> Þrátt fyrir að munurinn á milli mállýskna sunnanfjarðar og norðanfjarðar sé mjög merkilegur í nútímafæreysku, er þessi ályktun mjög áráðin með tilliti til „fjölda“ færeyskra heimilda sem varðveist hafa frá þessum tíma.

### 3 Stoðhljóðið

Stoðhljóðið er annað atriði sem hjálpar að greina á milli norrænna mállýskna á miðöldum. Fyrir Kristensen er það líka eitt þeirra atriða í NBl. sem benda til færeysks uppruna skrifarans.

#### 3.1 Stoðhljóðið í norrænum handritum

Í flestum norrænum málum er stoðhljóðið komið milli orðstofns sem endar á samhljóði og nefnifallsendingarinnar *-r* í nefnifalli karlkynsorða (eða á öðrum stöðum þar sem *-r* kemur fyrir í bakstöðu eftir samhljóði eða milli tveggja samhljóða) en ólík hljóð hafa tekið að sér þetta hlutverk í einstökum mállýskum. Í nokkrum þeirra gat stoðhljóðið verið breytilegt í samræmi við sérhljóðið í stofni en í flestum var það aðeins eitt ákveðið sérhljóð sem kom alltaf fyrir í öllum orðum – oftast nálægt hljóð sem lækkaði (með tímanum) áfram í hljóðgildi í mállýskum sem sýna sérhljóðaveikingu í áhersluleysi (þ.e. sérstaklega í austurnorrænum málum). Gert er ráð fyrir því að sjálf endingin *-r* hafi upprunalega verið óródduð en hafi seinna fengið raddaðan framburð með blæbrigði af einu eða öðru sérhljóði og *r* hafi þá orðið atkvæðisbært.<sup>54</sup>

Á Íslandi, og sennilega líka í Færeyjum, er stoðhljóðið alltaf *-u-* en það er óalgengt í vestlenskum mállýskum í Noregi. Það er þó erfitt að rannsaka þróun stoðhljóðsins á ýmsum stöðum af því að sú málvenja að skrifa aðeins *-r* hefur haldist lengi og stoðhljóðið

53 Sørliie 1965: 24

54 Kristensen 1925: 38–39; sb. Ari Páll Kristinsson 1992: 20 og 30

var oft alls ekki skrifað, sérstaklega ekki í afritum af eldri forritum. Þess vegna er oft aðeins hægt að koma augu á breytingu í framburði út frá villum þegar skrifarar sleppa sérhljóðum á undan *-r* í öðrum orðum og orðmyndum sem hafa aldrei verið án sérhljóðs (eins og í endingunni *-ur* í nf. og þf. fleirtölu veikra kvenkynsorða). Stefán Karlsson fullyrðir að stoðhljóðið birtist í íslenskum handritum fyrst um árið 1300:

Þegar samhljód – annað en *r* – fór á undan *r*-i sem var í bakstöðu eða á undan öðru samhljóði var skotið inn *u*-i á undan *r*-inu (*fagr* > *fagur*, *fegrð* > *fegurð*). Þessa stoðhljóðs verður fyrst vart um 1300, og á fyrri hluta 15. aldar virðist breytingin vera um garð gengin um allt land.<sup>55</sup>

Vitnisburðir um breytingu eru þá bæði beinir og óbeinir:

Um sumar þeirra [stöðubundinna hljóðbreytinga] eru ekki aðeins beinir vitnisburðir í stafsetningunni heldur einnig óbeinir, þ.e.a.s ranghverfir rithættir. Þannig olli t.a.m. stoðhljóðið *u* samfalli gömlu endinganna *-r* og *-ur* og hafði ekki aðeins í för með sér rithætti eins og *fagur* í stað eldri myndarinnar *fagr* heldur einnig *flugr* fyrir *flugur*.<sup>56</sup>

### 3.2 Stoðhljóðið í NBl.

Stoðhljóðið er venjulega ekki skrifað í NBl. Það kemur þó fyrir nokkrum sinnum og þá er það alltaf *-u-* (*nautur*, *eitur*, *munnur*, *muncur*).<sup>57</sup> Hins vegar vantar *u* á öðrum stöðum þar sem það á að standa: *orostr*, *foðr*, *sol stoðr*. Það sýnir að framburður af *-r* og *-ur* var orðinn mjög líkur á þessum tíma, ef ekki nákvæmlega sami. Öll þessi dæmi sýna því miður bara tilvik þar sem *u* myndi alltaf koma fyrir í áhersluleysi samkvæmt sérhljóðasamræmi. Eina dæmið sem fylgir ekki reglunni er orðmyndin *moður* (no. *móðir*), en Kristensen reynir að útskýra hana sem skrifvillu<sup>58</sup> enda heldur hann að stoðhljóðið myndi annars líka fylgja sérhljóðasamræmi.

Í handritinu koma einnig fyrir orðmyndir *guðus* og *suðus* þar sem *u* birtist á undan eignarfallsendingunni *-s*. Kristensen reynir að setja þessar myndir í samhengi við hugsaðar myndir *\*guðurs* og *\*suðurs* sem koma fyrir í öðrum vestlenskum textum. Myndir eins og *guðus* birtast einnig í Lundarbókinni. Í NBl. er reyndar oft sleppt *r*-i á undan *s* og sýnir þetta samlögun af samhljóðaklasanum *rs* að *ss*.<sup>59</sup>

55 Stefán Karlsson 2000: 27; Ari Páll Kristinsson (1992: 16) er þó ekki sammála því að breytingin hafi verið gengin um garð alls staðar þegar á fyrri hluta 15. aldar.

56 Stefán Karlsson 2000: 53

57 Upplýsingar fylgja samkvæmt Kristensen 1925: 40.

58 Um er að ræða leiðréttingu skrifarans þar sem hann fyrst skrifaði aðeins *moðr* (sjá Finnur Jónsson 1892-96: 165, ath. 8; og Kristensen 1925: 40).

59 Kristensen 1925: 66–67 (§102.)

### 3.3 Stoðhljóðið í Lundarbókinni

Í Lundarbókinni er einungis notað *u* sem stoðhljóð á undan *r*. Það vantar á mörgum stöðum og stundum líka í reglulegum *-ur* endingum. Það sýnir að *-r* og *-ur* eru jafngildir rithættir fyrir endingar með sama framburð.<sup>60</sup>

Stoðhljóðið kemur fyrir sérstaklega í nútíðarmyndum eins og *selur, tekur, kemur*, en þá koma einnig oft fyrir myndir án þess í sömu setningu (t.d. *gefur eða selr, kvnnr ok sannvr, kunnvr ok sannr, fatækr maðr verðu* [sic!] *siukur*). Það er einnig venjulega skrifað í nefnifallsmyndum karlkynsorða og fleirtölu veikra kvenkynsorða (*lutur, þiofur(in), siukur, fyrstur, efstur, nætur, dætur, merkur*). Stoðhljóðið kemur fyrir í hvorugkynsorðum og öðrum orðum með stofnlægu *-ur* (*vetur, slatur*), öðrum orðum eins og *aptur, betur*, samsettum orðum (*okurkallar, fagurliga*) og í eignarfalli (*Peturs, leiðangurs, silfurs, aldurs*). Hins vegar er hægt að finna orðmyndir án *-u*- á undan *-r* eins og *foðr* (eða *fauðr*), *moðr, broðr, dottr, systur, onnr*, fleirtölumyndir *konr, ueislr, færslr, baðstofr* og einnig myndir eins og *ykr, iðrlega*.

Stoðhljóðið getur einnig staðið á milli *ð* og eignarfalls *-s*: *umboðus, heraðus, guðus* o.s.fr. Sørлие fann alls 28 dæmi í Lundarbókinni og flest þeirra koma fyrir í Landslögnum. Áhugavert er að *-r*- getur einnig staðið á milli *ð* og *s* í staðinn fyrir *-u*: *vmboðrsmaðr, heraðrs, liðrs, dauðrs, veðrs* o.s.fr. Í handritinu eru 55 dæmi með þessum rithætti – það eru (nærri því helmingi) fleiri dæmi en með *-u*! Einnig er hægt að finna örfá dæmi með báðum hljóðum: *eiðurs, liðurs*.

Sørлие nefnir að stoðhljóðið (sérhljóð eða *r*) í eignarfallsmyndum sé (samkvæmt Seip) mjög venjulegt í gömlum norskum handritum (en aldrei í íslenskum).<sup>61</sup> Myndir með bæði stoðhljóði og *r* séu þá frekar millistig í þróuninni að hreinum stoðhljóðum.<sup>62</sup> Stoðhljóðinu (eða *r*) var sennilega skotið inn á milli hljóða til þess að forðast samlögun sem myndi skemma beygingarmynstur orða. Notkun sérhljóða og *r* er þá sennilega jafngild:

Det er ikke avgjort at den lyd som blev skutt inn, overalt har vært en *r*; på denne tiden var det sikkert mange steder utviklet en svarabhaktivokal foran nominativs-*r* [...], uten at den blev uttrykt i skrift; *r* kan altså ofte være tegn for vokal+*r*, kanskje endog

60 Upplýsingar fylgja samkvæmt Sørлие 1936: 20–28 (2. kafli).

61 Sørлие 1936: 23; Seip 1934: 106

62 Sørлие 1965: 26

bare for vokal. Ogsá *ð* er ofte tegn for *ð*+vokal [...].<sup>63</sup>

Sørlic og Seip beina einnig athygli að tilgátu Noreens um að hljóðið *ð* fór á þessum stöðum yfir í einhvers konar *r*-ljóð.<sup>64</sup> Hugsanlega gæti *r* hafa verið borið fram sem einhvers konar millihljóð milli *ð* og *s*.<sup>65</sup>

Það sem nú skiptir máli er ótvíræð notkun sérhljóðsins *u* í hlutverki stoðhljóðs og sú staðreynd að þetta hljóð er ekki mjög mikið notað sem stoðhljóð í Noregi. Stoðhljóðið *u* kemur fyrir í nokkrum bréfum frá Hörðalandi og Voss<sup>66</sup> og seinna (á 15. öld) einnig í bréfum frá nokkrum byggðum í Rygjafylki.<sup>67</sup> Annars kemur það fyrir í NBl., Lundarbókinni og Húsavíkurbréfunum. Mjög sennilegt er að *u* hafi líka alltaf verið notað sem stoðhljóð í Færeyjum: það er ennþá notað í nútímafæreysku þrátt fyrir að framburður sé mjög ólíkur eftir mállýskum og einnig er notað *i* í mörgum þeirra, eða bæði hljóð sameinast í hlutlausu *ə*-hljóði.<sup>68</sup>

Seip kemur þó með aðra tilgátu sem gæti skýrt bæði notkun austlenskra (norskra) málatriða og íslenskra málatriða í Lundarbókinni og í Hauksbók: hann heldur að þessir textar hafi verið skrifaðir af (austlenskum) norskum skrifurum eftir lestri Íslendinga (kannski Hauks sjálfs?)<sup>69</sup> sem las texta úr norskum (og íslenskum) forritum. Ef þessi ágiskun Seips er rétt, er líklegt að hann hefði lesið (norskar) myndir eins og *guðrs* með íslenskum framburði: *guðu(r)s*. Seip færir fleiri rök að tilgátu sinni og þau varða fleiri atriði og frávik í handritum.<sup>70</sup> Hann útskýrir hins vegar ekki notkun sérhljóðasamræmis í NBl. Mjög umdeilanlegar eru líka ágiskanir hans um hvernig norskur skrifari myndi skrifa orð eftir íslenskum framburði – ekki er sjálfsagt að hann hefði skrifað nákvæmlega það sem (við höldum) hann heyrir.

Önnur kenning Seips reynir að skýra breytileika orðmyndanna (t.d. *guðus* / *guðrs* / *guðurs*): hann telur að sérstakt upplestrarmál hafi verið til á miðöldum sem gæti hafa haft áhrif á ritmál skrifara (eins og samskipti ritmáls og talmáls í nútímanum).<sup>71</sup> Þetta er

63 Seip 1934: 109

64 Noreen 1970: 178 (§238., 3)

65 Sørlic 1936: 23–24

66 Hægstad 1916: 40 og 211; Sørlic 1965: 27

67 Hægstad 1915: 23

68 Hægstad 1917: 78–79; Höskuldur Þráinsson 2004: 349–350

69 Honum finnst nefnilega ekki útilokað að Lundarbókin hafi einnig verið skrifuð hjá Hauki. (sb. Seip 1934: 47)

70 Seip 1934: 45–48; sb. einnig Seip 1955: 228–229

71 Sjá Sørlic 1936: 25–26; Seip 1955: 212–213 og fleira í Seip 1954: 192–217

annað atriði sem hægt er að bæta við á lista þeirra atriða sem gætu haft áhrif á málið í handritum<sup>72</sup> (sjá kafla 1) en annars skiptir það ekki miklu máli þegar hugað er að vali á sjálfu stoðhljóði.

### 3.4 Stoðhljóðið í Húsavíkurbrefunum

Stoðhljóðið í Húsavíkurbrefum kemur einnig óreglulega fyrir og er það alltaf *u*: *adur* (36, 44 x2, 45, 46, 47), *edur* (38), *allur* (38, 41), *Fingardurin* (38), *finger gull* (40), *Bryniolfur* (43), *præstur* (43), *ædur* (45, 48), *Dufnalldur* (45), *nefndur* (46), *Þrondur* (45, 46 x2), *Gudbrandur* (47), *prestur* (48). Auk þess vantar *-u*- í tveimur orðum: *tunnr* (39), *okkr* (46). Flest þessara orða koma líka fyrir annars staðar í textunum og eru þau skrifuð samkvæmt gömlum norrænum dæmum (*ædr*, *prestr*, *finger gull*, *nefndr*, *Þrondr*, *okkur*). Annars stendur í textunum alltaf aðeins *-r* nema í þeim orðum (orðmyndum) sem alltaf hafa haft endinguna *-ur* (*dottur*, *stofur*, *seingur*, *silfur*, *kannur*, *onnur/annur*<sup>73</sup>). Engin dæmi um stoðhljóð í nefnifallsmyndum koma fyrir í brefunum.

Öll dæmi benda til þess að í máli skrifara Húsavíkurbrefanna hafi *u* verið allsráðandi stoðhljóð og að einnig hafi verið mikil spenna milli skrifvenjunnar að skrifa ekki hljóðið og eðlilegs framburðs skrifarans þar sem ekki var munur milli *-r* og *-ur*.

### 3.5 Niðurstaða

Þegar um er að ræða stoðhljóðið, eru allir þrír textar í mjög góðu samræmi. Það er ótvírætt í öllum þeirra að stoðhljóðið er *u*, þrátt fyrir að venjan að skrifa aðeins *-r* sé ennþá í gildi. Frávik í öllum textum sýna hins vegar að framburðurinn af *-r* var alveg jafn framburði *-ur* endinga. Stoðhljóðið *u* var mjög óvenjulegt í Noregi en kemur þó fyrir í nokkrum mállýskum.

Óljóst er hvernig Kristensen tengir notkun stoðhljóðsins sérhljóðasamræmi:

At vort håndskrift ikke er islandsk, er jo af mange grunde (bl.a. også af blækkets sammensætning) klart; det kan heller ikke være så sydligt vestlandsk, at det falder indenfor det fastlandsnorske *-ur*-område. Derfor bliver svarabhakti-vokalen et vigtigt kendetegn, som aldeles bestemt peger hen til Færøsk.<sup>74</sup>

72 Sjá Sørli 1954: 216

73 Myndir án u-hljóðvarps, eins og *annur* hér, útskýrir Hægstad (1917: 74) sem áhrif af norskum skrifvenjum.

74 Kristensen 1925: 41

Ekki er mjög skýrt hvers vegna málið í NBl. getur ekki verið nógu suðvestlenskt til þess að falla í *-ur*-svæðið í Noregi. Hugsanlegt er að Kristensen sé að hugsa um að sérhljóðasamræmið sé norðvestlenskt fyrirbæri en ekki suðvestlenskt. Þessi tegund sérhljóðasamræmis sem birtist í NBl. er þó sérstök og aðeins að finna í bréfum frá norðurhlutum Hörðalands sem liggur á suðvestlensku málsvæði en þó á mörkum norðvestlenskra mála. Stoðhljóðið *u* kemur síðan fyrir á alveg sömu stöðum. Í þeim bréfum sem nota sama sérhljóðasamræmi og NBl. kemur *u* sem stoðhljóð aðeins fyrir í bréfi frá Voss. Í bréfi frá Bergen er hins vegar notað *e*, og í hinum tveimur bréfunum finnst því miður ekkert dæmi um stoðhljóð.<sup>75</sup>

Kristensen talar í niðurstöðu sinni<sup>76</sup> frekar um notkun *u*-hljóðvarps og gæti því e.t.v líka verið að hugsa um breytinguna  $\varnothing > o$  á undan nefhljóðum. Um þetta fyrirbæri verður fjallað í næsta kafla.

## 4 Breyting $\varnothing > o$ á undan nefhljóðum

Eitt sérkennilegt fyrirbæri í færeyskri málsögu er þróun *u*-hljóðvarpshljóða  $\varnothing$  í *o* á undan nefhljóðum og þessi breyting hefur haldist til nútímans í færeysku.<sup>77</sup>

### 4.1 Vitnisburður í NBl.

Bæði */ø/* og */o/* eru alltaf skrifuð aðeins *o* í NBl. Þess vegna er erfitt að skilja á milli þeirra. Hins vegar er hægt að taka eftir óvenjulegri reglu í sérhljóðasamræmi: ef í orðinu er */ø/* (skrifað sem *o*) á undan nefhljóði, fylgir í áhersluleysi (næstum) alltaf *o* (mörgum sinnum: *somo, donsko, onnor*; aðeins tvisvar: *somu, donsku*); annars fylgir (næstum) alltaf *u* (*oðru, morgu, sogu, sogðu, hofðu, fogru, osku, ollu* o.s.fr.; undantekningar: *tolo, stiorno*).<sup>78</sup> Eftir *o* í öðrum tilvikum (þ.e. sem tákn fyrir */ø/*, */ó/* en einnig */ó/!*) fylgir venjulega *o* í áhersluleysi.<sup>79</sup> Þessi munur vitnar um mun í framburði á þessum tveimur stöðum, og Kristensen dregur þá ályktun að framburður af gömlu */ø/* hafi orðið þess vegna mjög líkur (eða jafngildur) framburði af */o/* á undan nefhljóðum, um leið og hann

75 Sjá tilvitnun eftir Hægstad (1917: 1–2) í kaflanum 2.2.

76 Sjá tilvitnun í innganginum eða beint í Kristensen 1925: 75–76 (§126.).

77 sjá Höskuldur Þráinsson 2004: 398; Hægstad 1917: 155–156

78 Kristensen 1925: 28–29

79 Kristensen 1925: 26

var öðruvísi annars staðar.<sup>80</sup> Notkun frammæltra hljóða (*e / i*) í áhersluleysi skemmir hins vegar myndina dálítið með því að þar kemur reyndar aðeins *e* reglulega eftir /*o*/, /*ó*/, /*o*/ og /*ó*/.

Þrátt fyrir að ekki sé hægt að komast að nákvæmari niðurstöðu, gefur breytingin  $\varphi > o$  á undan nefhljóðum mjög skynsamlega skýringu á fyrrnefndu reglunni í „óreglulegu“ sérhljóðasamræmi í NBl. Það er þess vegna mjög sennilegt að þessi breyting hafi þá þegar átt sér stað í máli skrifarans.

## 4.2 Lundarbókin og Húsavíkurbrefin

Enginn skýr munur er venjulega gerður á milli /*o*/ og /*o*/ hljóða í Húsavíkurbrefunum og Lundarbókinni. Sørlié skrifar um Lundarbókina og u-hljóðvarp: „Omlydsvokalen foran nasal skrives alltid *o*, ellers også *au* el. *av* i visse ord og stillinger, t.d. *londum*, *monnum*, *laugmaðr*, *avlum*“.<sup>81</sup> Í fyrra riti sínu reyndi hann að finna einhverjar reglur um notkun af *au* (stundum er einnig notaður límingarstafur *a*, sjaldan aðeins *av*) en það er varla hægt: *au* kemur venjulega fyrir í orðunum *lög* (líka í samsetningum og afleiddum myndum þess), *högg(va)*, á undan *ð(r)* (venjulega í myndum eins og *auðrum*) og líka annars staðar (*fauðr*, *auðlast*, *aull*, *faurunavtar*, *haufði*,...). Í textanum eru mörg dæmi um u-hljóðvarpshljóð á undan nefhljóðum (sérstaklega *n(n)*) en á þessum stöðum er aldrei skrifað *au* (*a*, *av*).<sup>82</sup>

Það er ekki útilokað að skrifarar þessara handrita hafi einnig haft þennan mun í framburði, og það virðist vera mjög sennilegt hvað varðar Lundarbókina, en þetta er ekki hægt að sanna út frá handritunum sem gera ekki reglulegan mun á þessum hljóðum og sýna ekki heldur reglulegt sérhljóðasamræmi.

## 4.3 Niðurstaða

Góð ástæða er til þess að trúa því að framburðarbreytingin  $\varphi > o$  á undan nefhljóðum hafi í raun og veru verið gengin yfir í máli skrifara NBl. Ekki er þó hægt að segja mikið hvorki um Lundarbókina né um Húsavíkurbrefin. Þau örfáu dæmi sem hægt er að finna

80 Hann reynir einnig að giska á nákvæmri framburð af þessum hljóðum. Sjá Kristensen 1925: 25–28.

81 Sørlié 1965: 20

82 Sjá Sørlié 1936: 35–37; Hann nefnir einnig að í frumrit Sauðabréfsins í Isl. perg. 33 4<sup>to</sup> vantar *au*-myndir algerlega. (sjá á bls. 38)

í Lundarbókinni segja okkur ekkert ákveðið.<sup>83</sup>

Spurning er hvort þessi breyting geti sagt okkur nokkuð meira um uppruna skrifarans. Hér komum við aftur að orðum Kristensens um að handritið sé ekki nógu suðvestlenskt til að falla í *-ur*-svæðið í Noregi.<sup>84</sup> Kristensen skrifar:

En sådan deling af *ø*, som fører til, at det foran nasal falder sammen med *o*, finder vi i nutidsmålene kun på to steder (Hægstad ISVestl. II s. 155 Noreen §115, 2), næmli­g i den nordlige del af Søndhordland og på Færøerne, men den har vist tidligere haft større udbredelse i Hordeland.<sup>85</sup>

Kristensen segir því miður ekki meira um „meiri útbreiðslu“ fyrirbærisins<sup>86</sup> á Hörðalandi, hann vísar aðeins til bóka Hægstads um norðvestlensku og þrændamál þar sem bara Norðfjörður, Sunnfjörður og innra Sogn eru þau svæði sem liggja næst Hörðalandi.<sup>87</sup> Auk þess virðist þessi breyting á þessum stöðum ekki vera alveg í besta samræmi við ástandið í færeysku og í NBl. Sem betur fer, segir Hægstad miklu meira á bls. 155, þar sem hann fjallar um nútímamállýskur:

I færøysk hev *u*-ljodbrigdet av *a*, gn. *ø*, jamnaste vorte *ø*: gn. *børn* > fær. *bødn*, og gn. *o* vorte *oə* eller *å*: gn. *lok* > fær. *løk*, gn. *stokkr* > fær. *stákkúr*. Men framfor nasalar hev gn. *ø* i færøysk vorte *oə* eller *å*: gn. *grøn*, mule, > fær. *grøen*, gn. *stong* > fær. *stoəng*, so her hev gn. *ø* fare same vegen som gn. *o*. I sudvestlandsk hev gn. *ø* jamnaste falle saman med gn. *o* til *o* (eller *å*): *bodn*, *bonn*, *lok*, *stokk* (eller *stákk*); framfor nasalar er der *å*: *fånn*, *våmb*, *stång*. Soleis vanleg Sogn, Voss, Hard. og Sudvaldet. I Sunnhordland hev derimot nokre nordbygder (Tysnes pgd., Os pgd. o.fl.) *ø* for gn. *o* og *ø*: *bødn*, *løk*, *støkk*, medan sudbygderne hev *å* (eller *o*): *bådñ*, *låk*, *stákk*; framfor nasalar er der *å* allstad: *fånn*, *våmb*, *stång*. Grunnen til dette er visst ingen annan enn at gn. *ø* og *o* her hev vore skilde i uttalen som *ø* og liksom paa Færøyarne enno, men motsette analogiar hev drive nordbygderne til *ø* i baee høvi, og sudbygderne til *å* (*o*), so den upphavlege fonetiske skilnad no syner seg i ein geografisk. Framfor nasalar maa der vel ogsø fyre denne utbytingi allstad ha vore *o*, som sidan hev vorte *å*, liksom i færøysk.<sup>88</sup>

Hann heldur áfram og segir að hægt sé að heyra *ø* í staðinn fyrir norræn *ø* og *o* í byggðum á Norðhörðalandi, norðan og vestan Björgvinjar, og oft líka *o* í sama orði, en á undan *ng* komi þá alltaf *å*. Það leiðir hann að þessari niðurstöðu:

Denne tilhugen til aa gjera gn. *ø* til *ø*, men framfor nasal til *o* (*å*) er soleis sams for

83 Þrátt fyrir varkárni, finnst Marius Kristensen þetta fyrirbæri e.t.v. vera nægileg sönnun: „Nu er der i Lund 12 den mærkelighed, at medens ellers *o* og *au* veksler i samme ord, finder vi foran nasal altid *o*, hvad forf. sikkert med rette ser som et tegn på, at *ø* i denne stilling er blevet *o*, altså samme forhold som i NBl.“ (Kristensen 1939: 374)

84 Sjá kafla 3.5. Guðvarður Már Gunnlaugsson (2000: 96) skildi þessa sérhljóðabreytingu sem atriði sem væri í andstöðu við notkun stöðhljóðsins *u*.

85 Kristensen 1925: 29

86 Hér er átt við þróun *u*-hljóðvarpshljóða á undan nefhljóðum.

87 Hægstad 1907: 8

88 Hægstad 1917: 155–156



Færøyarne og Hordaland, men me kann ikkje ettervisa nokon  $\varnothing$  for  $\varrho$  i diplom fraa eldre tid enn fraa umkr. 1500 paa Færøyarne og umkr. 1300 i Hordaland [...].<sup>89</sup>

Það er því ekki alveg rétt að segja að þróunin sem varð í Færeyjum hafi aðeins orðið í nokkrum norðurbyggðum á Sunnhörðalandi í Noregi: þróun á fleiri stöðum á Hörðalandi var sennilega mjög svipuð þótt ástandið í nútímamáli sé öðruvísi. Áhugaverð er sérstaklega þróun  $\varrho > \text{á}$  á undan nefhljóðum og  $\varrho > o$  annars staðar, sem er þekkt í Sogni, Voss og Hardanger – á sama svæði og hið sérstaka sérhljóðasamræmi og stoðhljóðið  $u$  koma fyrir – þrátt fyrir að nútímaástandið gefi þá ekki lengur góða skýringu á ólíku fornu sérhljóðasamræmi eftir norrænum  $o$  og  $\varrho$  á venjulegum stöðum.<sup>90</sup>

Í kaflanum um  $u$ -hljóðvarp skrifar Kristensen ekki neitt um annað sem gæti bent til norðvestlensku án þess að benda um leið á blendingsmállýskurnar í norðurhlutum Hörðalands.<sup>91</sup> Í niðurstöðu þriðja kafla (kaflanum um  $u$ -hljóðvarp) segir hann sjálfur réttilega:

Det må dog siges, at på næsten alle de samme punkter, hvor NBI stemmer med Færøysk, stemmer det også – undertiden knap så godt, enkelte gange, som ved *nokorr*, bedre – med de nordligste sydvestnorske mål eller måske med overgangsmålene mellem Hordemål og Fjordemål, som vi træffer dem i det vestlige Sogn.<sup>92</sup>

Þetta er í beinni andstöðu við það sem hann segir í niðurstöðu bókarinnar: nefnilega að „behandlingen af  $\varrho$  pegede mod nordlige vestnorske mål“.<sup>93</sup>

## 5 Niðurstaða

Í innganginum er talað um ýmis atriði sem geta haft áhrif á málfar í handritum og D.A. Seip tilfærir eina kenningu í viðbót. Án þess að fara langt út í stærðfræði er augljóst

89 Hægstad 1917: 156; Noreen skrifar í raun og veru aðeins að  $\varrho$  hafi breyst (fyrir ritöld!) í  $o$  á undan nefhljóði með öðru samhljóði þegar  $u$  ( $o$ ) eða  $w$  fylgdi í næsta atkvæði, bæði í nokkrum íslenskum og norskum mállýskum, en það breyttist hins vegar í opið  $\varnothing$  hljóð (nútímaíslenskt  $\ddot{o}$ ) í íslensku og annars aðeins í Færeyjum og í Noregi norðan Björgvinjar (Noreen 1970: 104–105 (§115.)). Hér er reyndar ekki talað um Sunnhörðaland né um breytinguna sem Kristensen talar um!

90 Ef „ $o$ “ hjá Hægstad er tákn fyrir lokaðra (nálægara) hljóð en „ $\text{á}$ “, þ.e. með framburði nálægt  $u$ , þá hefði áherslulaust  $u$  átt að fylgja í sérhljóðasamræmi eftir þessu „ $o$ “ (þ.e. fornu  $\varrho$  á flestum stöðum) og áherslulaust  $o$  eftir venjulegu „ $\text{á}$ “ (þ.e. fornu  $\varrho$  á undan nefhljóðum). En spurningin er þá hvernig framburður á venjulegu fornu  $o$  hafi verið á þessu þróunarstigi ef áherslulaus  $o$  hafa fylgt eftir því í NBI. og ekki  $u$  eins og eftir fornu  $\varrho$ .

91 Aðeins örfá (einstök) frávik eða óvenjuleg fyrirbæri virðast þar kannski vera í betra samræmi við norðvestlenskar mállýskur en þessi eru þá (samkvæmt Kristensen sjálfum) í jafn mikilli andstöðu við færøysku. Sjá Kristensen 1925: 24–38 (III. kafli).

92 Kristensen 1925: 38 (§40.)

93 Sjá tilvitnun í innganginum eða beint í Kristensen 1925: 75–76 (§126.).

að okkur bjóðast ótal möguleikar til að útskýra uppruna ýmissa fyrirbæra.<sup>94</sup> Þrátt fyrir að hægt sé að hunsa flestar af þessum skýringum sem eru mjög ósennilegar (þó samt ekki ómögulegar!), verða enn eftir of margar í samanburði við fjölda handrita, sem til eru, til þess að sanna eða hrekja algjörlega nokkrar þeirra. Þetta gildir sérstaklega um heimildir um færeysku, og þess vegna kemur varla á óvart að Sørлие taki Húsavíkurbréfin (og önnur fornbréf í DF) sem áreiðanlega vitnisburði um fornfæreysku (með öllum atriðum sem koma fyrir í þeim) og næstum því einnig NBl.<sup>95</sup> Hann tekur varla tillit til þess að kenningar þeirra Kristensens eru ekki staðreyndir. Þessar kenningar byggja oft aðeins á mögulegum tilgátum sem hvorki er hægt að sanna né hrekja vegna skorts á heimildum.

Lundarbókin og Húsavíkurbréfin eru í góðu samræmi þegar litið er á þau atriði sem talað hefur verið um hér, en NBl. skilja sig frá þessum textum með notkun sérstaks sérhljóðasamræmis sem er svo margbrotið (og í þessu tilviki svo óvenjulegt) fyrirbæri að afar ólíklegt er að skrifari gæti hafa notað það vegna tísku, lært það eða skrifað eftir forriti. NBl. og Lundarbókin gætu verið u.þ.b. jafn gömul handrit og það er ekki útilokað að bæði eigi uppruna sinn í skrifstofu Hauks Erlendssonar í Björgvin. Skrifarar þeirra eru þó ólíkir. Tilgáta Sørlies um klofning mállýskna (þegar um er að ræða sérhljóðasamræmi) norðanfjarðar og sunnanfjarðar í Færeyjum er enn áræðnari vegna þess að hann getur ekki sannað hana með öðru en með öðrum tilgátum þeirra Kristensens.<sup>96</sup> Ef Lundarbókin er yngri en flestir fræðimenn hafa talið getur það hjálpað honum að nokkru leyti við að skýra málið í henni: það gæti verið næsta skref í upplausn sérhljóðasamræmisins, en samt er aldursmunur hennar og Hauksbókar enn minni en aldursmunur hennar og Húsavíkurbréfanna.

Jón Helgason skrifar að nýjar rannsóknir á norskum miðaldaheimildum hafi breytt nokkuð skoðun á kenningum Kristensens og mörg þeirra atriða sem honum hafi fundist vera í samræmi við færeysku séu einnig í góðu samræmi við norsku.<sup>97</sup> Því miður hafa ekki komið fram neinar nýjar niðurstöður varðandi þau atriði sem hér eru til endurskoðunar, fyrir utan kenningu Seips um að norskur skrifari myndi hafa skrifað handritið eftir upplestri Íslendinga (sjá kafla 3.3), og það er einnig það einasta sem Jón

94 Svo að ekki sé minnst á hreinar tilviljunarvillur sem eru einnig sennilegar!

95 Kristensen er mun varkárari (sjá t.d. Kristensen 1925: 41 eða 75–77).

96 Kristensen sjálfur skrifar um þessa kenningu að hún gefi „en forklaring som ialfald *kan* være rigtig.“ (Kristensen 1939: 375)

97 Jón Helgason 1960: XI

Helgason bendir á.<sup>98</sup>

Flest atriði sem Kristensen ræðir í bók sinni um NBl. benda í átt að mállýskum á norðurhluta Hörðalands í Noregi, þar sem suðvestlenskar mállýskur ganga yfir í norðvestlenskar. Niðurstaða hans er því ekki í bestu samræmi með því sem hann sjálfur skrifar í bók sinni. Auðvitað eiga þessar mállýskur mikið sameiginlegt með færeysku:

Det er aalkjent at Gulatingslag – og serleg fylki paa Sudvestlandet – i vikingtidi i mange maatar var den merkelegaste landsluten i Norig. Det var dei bygderne som stod i næraste sambandet med Vesterlandi, og det er – etter det som saga melder – fraa Sudvestlandet at dei norske nybygderne i Bretland og Irland og paa øyarne i Vesterhavet (Island, Færøyarne, Hjaltland ofl.) hev fenge mesteparten av folkesetnaden sin. Stutt veg hadde ogso mange sudvestlandske bygder til dei næmaste landi sunnanfor Norig. Paaverknaden utanfraa baade fraa vest og sud maa daa ogso i dette forne tidebilet ha vore sterkare her enn paa dei fleste andre stader i landet, og det er paa fyrehand truleg at han ogso hev sett merke etter seg i maalvegen.<sup>99</sup>

Þótt kenningin um suðvestlenskan uppruna færeysku hafi seinna verið gagnrýnd,<sup>100</sup> virðist þróun þessara mála sannarlega eiga margt sameiginlegt<sup>101</sup> og áhrif frá Hörðalandi (Björgvin) skipti miklu máli vegna beinna samskipta á þessum tíma. Auk þess var Björgvin höfuðstaðurinn. Það er jafn sennilegt að bæði (ímyndaður) maður frá Færeyjum og (ímyndaður) maður frá (Norð)hörðalandi (eða öðrum hluti Noregs) hafi komið sem skrifarar til Björgvinjar eða að báðir hafi lært að skrifa á sama stað og á svipaðan hátt. Mjög erfitt er þá að aðskilja málið og sérstaklega mögulegar skrifvenjur þeirra, og enn frekar þegar engin önnur (örugg) dæmi um mál í Færeyjum eru til frá þessum tíma.

Þau fjögur atriði sem Kristensen nefnir að bendi helst burt frá norsku (sjá innganginn) eru ekki heldur mjög sannfærandi. Allsráðandi (eða næstum allsráðandi) notkun á persónufornafninu *við*, viðskeytinu *-st* í miðmynd sagna og i-hljóðvarpsmyndum í 1.p. et. sterkra sagna er ekki óalgeng í máli á Hörðalandi, þótt það hætti að koma eingöngu fyrir á þessum tíma.<sup>102</sup> Kristensen sjálfur segir að gamlar myndir sterkra sagna í 1.p. et. hafi verið (samkvæmt Hægstad) enn notaðar í nokkrum byggðum eftir 1300 og að ritmálið og hefðin myndi halda eldri myndum í skrift sem höfðu horfið úr talmáli.<sup>103</sup> Hér er um að ræða afrit af eldri forritum og því er ekki hægt að bera þau

98 Hann nefnir einnig notkun orðmyndanna *nema/ne(a)*.

99 Hægstad 1915: 2

100Schulte 2002: 876

101„Utflyttermålene i vest på Island, Færøylene osv. [...] får lenge etter utflyttingen i flere hoveddrag samme utvikling som målet på Sørvestlandet i Norge“ (Seip 1955: 59–60); sb. einnig bls. 215.

102Um miðmynd og sagnmyndir sjá Hægstad 1916: 199. Um persónufornöfn sjá Hægstad 1916: 186 fg.

103Kristensen 1925: 48

beint saman við fornbréfin sem voru upprunalega skrifuð á móðurmáli skrifara sinna. Þetta gæti einnig haft áhrif á óvissu um hvernig eigi að skrifa  $n(n)$  í endingum sem voru kannski öðruvísi í forriti en í máli skrifarans. Tilgáta Seips um norskan skrifara sem skrifaði eftir upplestri Íslendinga gæfi einnig mjög góða skýringu á þessari óvissu.<sup>104</sup>

Allt sem Kristensen sjálfur skrifar bendir því á átt að norskum mállýskum í norðurhlutum Hörðalands sem upprunalegu máli skrifara NBl. Ekki er þó hægt að giska á hver hafi verið munurinn á þeim og færeysku á þessum tíma. Sérhljóðasamræmi er samt mikilvægt atriði sem rýfur það samhengi milli NBl., Lundarbókarinnar og Húsavíkurbrefanna, sem Kristensen og Sørli reyna að halda fram.

---

<sup>104</sup>Ef munurinn á milli endinganna  $-(i)n$  og  $-(i)nn$  í máli skrifarans var orðin aðeins  $-(i)$  og  $-(i)n$ , þá kemur ekki á óvart að hann hafi ruglast þegar hann sá (eða heyrði í upplestri!)  $-n(n)$  alls staðar. Ekki er sjálfsagt að skrifarinn hafi einnig verið vel lærður í málsögu og málbreytingum og hafi skilið fyrirbærið vel og fylgt gömlum reglum. Auk þess talar Hægstad um styttingu  $nn > n$  í áhersluleysi (og sérstaklega í ákveðna greininum) sem kemur fyrir á þeim stöðum sem talað var um áður: í Hardanger og Voss (Hægstad 1916: 175).

## 6 Heimildaskrá

Ari Páll Kristinsson. 1992. U-innskot í íslensku. *Íslenskt mál 14*, bls. 15–33. Íslenska málfræðifélagið, Reykjavík.

*DF = Diplomatarium færoense*. Føroyskt fodnbraevasavn. I. Miðaldarbrøv upp til trúbótarskeiðið við søguligun rannsóknun av Jakob Jakobsen. Tórshavn – København, 1907.

Finnur Jónsson (útg.). 1892-96. *Hauksbók*. Udgiven efter de arnamagnæanske håndskrifter no. 371, 544 og 675 4o samt forskellige papirhåndskrifter af Det kongelige nordiske oldskrift-selskab. København.

Guðvarður Már Gunnlaugsson. 2000. Færeyskar málheimildir. *Frændafundur 3*. Fyrirlestrar frá íslensk-færeyskri ráðstefnu í Reykjavík 24.–25. júní 1998, bls. 91–105. Ritstj. Magnús Snædal og Turið Sigurðardóttir. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Hagland, Jan Ragnar. 1983. Til spørsmålet om språkforma i sira Teits handskrift av Sauebrevet frå 1298. *Arkiv för nordisk filologi 98*, bls. 178–193. Lund – København.

Hagström, Björn. 1991. Några ord om språket i Husaviksbreven. *Átta greinir um føroyskt mál*. Útgivnar til Björn Hagströms 70-ára føðingardag tann 29. januar 1991, bls. 22–31 (18–27). Emil Thomsen, Tórshavn.

Hreinn Benediktsson. 1962. The Unstressed and Non-Syllabic Vowels of Old Icelandic. *Arkiv för nordisk filologi 77*, bls. 7–31. Lund – København.

Höskuldur Þráinsson, Hjalmar P. Petersen, Jógvan í Lon Jacobsen og Zakaris Svabo Hansen. 2004. *Faroese. An Overview and Reference Grammar*. Føroya fróðskaparfelag, Tórshavn.

Hægstad, Marius. 1905. *Vestnorske maalføre fyre 1350*. Innleiding: Latinsk skrift i gamalnorsk maal. Videnskapsselskapets Skrifter. II. Hist.-filos. Klasse. 1905. No. 7. Kristiania.

Hægstad, Marius. 1907. *Vestnorske maalføre fyre 1350*. I. Nordvestlandsk. Videnskapsselskapets Skrifter. II. Hist.-filos. Klasse. 1907. No. 1. Kristiania.

Hægstad, Marius. 1915. *Vestnorske maalføre fyre 1350*. II. Sudvestlandsk. 1. Rygjamaal. Videnskapsselskapets Skrifter. II. Hist.-filos. Klasse. 1914. No. 5. Kristiania.

Hægstad, Marius. 1916. *Vestnorske maalføre fyre 1350*. II. Sudvestlandsk. 2. Indre sudvestlandsk. Færøymaal. Islandsk. Fyrste bolken. Videnskapsselskapets Skrifter. II. Hist.-filos. Klasse. 1915. No. 3. Kristiania.

Hægstad, Marius. 1917. *Vestnorske maalføre fyre 1350*. II. Sudvestlandsk. 2. Indre sudvestlandsk. Færøymaal. Islandsk. Andre bolken. Videnskapsselskapets Skrifter. II. Hist.-filos. Klasse. 1916. No. 4. Kristiania.

Jón Helgason (útg.). 1960. *Hauksbók*. The Arna-Magnæan Manuscripts 371, 4<sup>to</sup>, 544, 4<sup>to</sup>, and 675, 4<sup>to</sup>. *Manuscripta Islandica*. Vol. 5. Ejnar Munksgaard, Copenhagen.

Jón Þorkelsson (útg). 1865. *Nokkur blöð úr Hauksbók og brot úr Guðmundarsögu*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

Kristensen, Marius. 1925. „*Nokkur blöð úr Hauksbók*“. Et færøsk håndskrift fra o. 1300. Undesøgt og bestemt med hensyn til dets sprogform. Det Kgl. Danske Videnskabernes Selskab. Historisk-filologiske Meddelelser. IX, 5. København.

Kristensen, Marius. 1939. Anmälan av »Mikjel Sørliie, Færøysk tradisjon i norrønt mål«. *Arkiv för nordisk filologi* 54, bls. 373–376. Lund.

Noreen, Adolf. 1970. *Altnordische Grammatik I*. Altisländische und altnorwegische Grammatik (Laut- und Flexionslehre) unter Berücksichtigung des Urnordischen. 5. unveränderte Auflage. Max Niemeyer Verlag, Tübingen.

NT = Papazian, Erik og Botolv Helleland. 2005. *Norsk talemål. Lokal og sosial variasjon*. Høyskoleforlaget AS, Kristiansand.

ONP = *Ordbog over det norrøne prosasprog. Register*. Den arnamagnæanske kommission, København. 1989.

Schulte, Michael. 2002. The various Old Nordic dialects, their systems and their typology: A general survey of the classical Old Nordic of the High Middle Ages. *Nordic Languages*. Vol. 1, bls. 871–882. Ritstj. Oskar Bandle o.fl. Walter de Gruyter, Berlin – New York.

Seip, Didrik Arup. 1934. *Studier i norsk språkhistorie*. H. Aschehoug & Co., Oslo.

Seip, Didrik Arup. 1954. Om endelsesvokalene *e, o : i, u* i eldste islandsk og norsk. *Nye studier i norsk språkhistorie*, bls. 12–23. H. Aschehoug & Co., Oslo.

Seip, Didrik Arup. 1955. *Norsk språkhistorie til omkring 1370*. Aschehoug & Co., Oslo.

Stefán Karlsson. 2000. Tungan. *Stafkrókar*, bls. 19–75. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.

Stefán Karlsson. 2002. Lítið eitt um Lundaarbók. *Eivindarmál*, bls. 219–228. Heiðursrit til Eivind Weyhe á seksti ára degi hansara 25. apríl 2002. Føroya Fróðskaparfélag, Tórshavn.

Sørliie, Mikjel. 1936. *Færøysk tradisjon i norrønt mål*. Avhandlingar utgitt av Det Norske Videnskaps-Akademi i Oslo. II. Hist.-Filos. Klasse 1936. No. I.

Sørliie, Mikjel. 1965. *En færøysk-norsk lovbok fra omkring 1310*. En studie i færøysk språkhistorie. Universitetsforlaget, Bergen-Oslo.